

1B

100 x 100 m

Við gerð landnýtingartillagna, sem skilað var 8. maí 2023, var gengið út frá því að nýta sem minnst viðbótarland og hrófla hvergi við stígum og veitum, að beiðni Mosfellsbæjar.

Síðan þá hefur sveitarfélagið beiðið um að hönnun taki mið af mögulegu bættu aðgengi að fjöru og hugsanlegum stígum meðfram henni, án þess að ljóst sé hvort eða hvenær þeir verði gerðir.

Vegna plássleysis er hér hvorki talið æskilegt né framkvæmanlegt að gera ráð fyrir hugsanlegum strandstígum og taka um leið tillit til núverandi reiðvegjar.

Í ljósi þessa og vegna leiðbeininga Mosfellsbæjar og athugasemda Hestamannafélagsins Harðar, m.a. við 5. braut sbr. mynd 1A, er hér sýndur möguleiki á sams konar golfbraut, einnig nr. 5, sunnan og ofan núverandi reiðvegjar. Þessi skógarbraut, sem yrði án aukakostnaðar gagnvart Mosfellsbæ, yrði líklega eftirsóknarverðari af útgáfunum tveimur, frá sjónarhóli kylfinga. Einnig virðist hún falla betur að athugasemdum Harðar. Enn fremur er hún óháð því hvort tekið verði næsta skref, þ.e. gerð strandstíga, ólíkt 5. braut á mynd A1.

